

# BLÁHVER

**Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 15. árg. • 21. des. 2015**

*Gleðileg jól*

Ljósmynd:  
Ásgeir Karlsson

# Leiðari

„Ég á mér draum“ sagði góður maður í frægri ræðu fyrir mörgum áratugum. Ég á mér líka draum og þá fyrir hönd Hveragerðis og Hvergerðinga. Draumurinn er að Hveragerði verði besti staður á Íslandi þar sem bæði innlendir og erlendir gestir, ásamt bæjarbúum sjálfum, geta sótt sér endurnæringu á sál og líkama, að Hveragerði verði sá heilsubær og það aðdráttarafl sem stefnt hefur verið að. Í Þýskalandi eru slíkir bæir oft greinanlegir frá öðrum með því að þeir hafa fornaðnið Bad fyrir framan nafnið, þ.e. t.d. Bad Brückenau, Bad Griesbach og svo Baden Baden sem kannski er þeirra þekktastur. Bad stendur þá fyrir það eða böð þar sem vatn og heilsuböð ýmskonar gegna mikilvægu hlutverki í slíkum bæjum. Hveragerði hefur alla burði til að verða sambærilegur heilsubær og þeir bestu á þessu sviði erlendis. Hvað sem öllum hugtökum líður þá hefur Hveragerði fjölmarga kosti sem prýtt geta heilsubæ og á bærinn alla möguleika til að þróast enn frekar í þá átt. Umhverfið er afar fallegt, fjölbreyttar gönguleiðir eru um og

umhverfis bæinn og hefur verið leitast við að bæta umhverfið enn frekar og bæta við og lagfæra gönguleiðir á undanförunum árum. Mikilvægt er að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut. Mikil og góð reynsla og hefð er fyrir ýmskonar heilsubætandi starfsemi og þjónustu á því sviði í bænum. Sú reynsla og hefð mun nýtast Hvergerðingum vel á næstu árum því að útlit er fyrir að mikil uppbygging sé framundan á sviði heilsubættar ferðaþjónustu og raunar ferðaþjónustu almennt. Má þar að nefna áætlanir um heilsubættar vegum NLFÍ og samstarfsaðila sem verður hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, áform um nýtt „Eden“ á Tívolireitnum þar sem í boði verður fjölbreytt afþreying og þjónusta fyrir ferðamenn og núna síðast áform um kynningarmiðstöð fyrir íslenska hestinn sem væntanlega mun rísa við Breiðumörkina. Fleira hefur verið nefnt sem er e.t.v. komið eitthvað skemmra á veg og ekki tímabært að fjalla um hér. Ekki má svo gleyma þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fyrir er sem er í

raun grunnurinn að því að áhuginn fyrir Hveragerði sem heilsubæ og ferðaþjónustubæ er slíkur sem raun ber vitni. Þótt Hveragerði þróist áfram sem heilsubær er ekki þar með sagt að annarskonar atvinnustarfsemi eigi ekki heima í bænum. Þvert á móti getur ýmskonar önnur starfsemi stutt við heilsubæinn. Má þar nefna garðyrkju, matvælaframleiðslu ýmskonar, ferðaþjónustu og afþreyingarstarfsemi af ýmsu tagi. Tækifærin í Hveragerði eru nánast ótæmandi, við þurfum einungis að vera opin fyrir þeim og nýta þau sem best og með sem skynsamlegustum hætti, bæjarbúum og landsmönnum öllum til heilla. Fyrir hönd bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar óska ég lesendum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka samstarf liðinna ára.



Eyþór H. Ólafsson  
forseti bæjarstjórnar

# Fréttir frá Sjálfstæðisfélaginu

Sjálfstæðismenn hafa haft fyrir sið að gefa út árlegt jólablað og markar það hjá mörgum sem að því vinna upphaf undirbúnings jóla. Í slíku blaði er við hæfi að líta um öxl og fara yfir starfsemi ársins sem er að liða. Árið byrjaði kröftuglega á okkar landsþekktu laugardagskaffi sem við erum afar stolt af að halda úti í níu mánuði á ári. Opið hús er haldið alla laugardaga frá kl 10:30-12 frá byrjun september og fram í miðjan maí, í húsnæði okkar að Austurmörk 2 hér í Hveragerði. Viljum við koma því á framfæri að allir eru velkomnir á opið hús. Þar hittumst við ásamt bæjarfulltrúum okkar í meirihlutunum og förum yfir það sem helst er í umræðunni hverju sinni og það sem efst á baugi í okkar fallega bæjarfélagi. Reglulega fáum við til okkar gesti úr röðum þingmanna Sjálfstæðisflokksins og fleiri skemmtilega aðila í heimsókn. Sjálfstæðismenn í Hveragerði eru duglegir að hittast og halda góðu sambandi við sína bæjarfulltrúa, teljum við mikilvægt að vera með puttann á púlsinum og fylgjast vel með bæjarmálum. Rétt er einnig að geta þess að félagið stendur fyrir skemmtilegum vorfagnaði og jólagleði fyrir félagsmenn sína.

Landsfundur skipaði stóran sess hjá okkur þetta haustið þar sem við fjölmenntum úr Hveragerði og tókum þar þátt í mótun landsfundarályktana. Þar komu ungir Sjálfstæðismenn mjög sterkir og virkir inn í starfið og var gaman að sjá þau njóta góðrar vinnu sinnar þegar Laufey Sif Lárusdóttir, formaður Asks félags ungra hér í Hveragerði, hlaut glæsilega kosningu í embætti formanns stjórnar Umhverfis- og skipulagsnefndar flokksins. Í Hveragerði er uppbygging á fullri ferð ÁFRAM í okkar fallega bæ. Erum við stolt af fólkinu okkar sem stendur sig með þryði í bæjarstjórn. Það er gott að búa í Hveragerði. Áhugasamir nýir félagsmenn eða einfaldlega þeir sem vilja komast á póstlistann okkar eða senda fyrirspurnir eru beðnir um að senda póst á berglinhofland@gmail.com eða hringja í síma 869 1338.

Á síðasta aðalfundi félagsins var eftirfarandi stjórn kosin: Berglin Hofland Sigurðardóttir, formaður; Birkir Sveinsson, gjaldkeri; Ingibjörg Zoëga, ritari; Björn Kjartansson og Daði Sævar Sólmundarson, meðstjórnendur; Jakob Fannar Hansen og Sjöfn Ingvarsdóttir, varastjórn. Allt í kringum jólahátíðina á að minna okkur á að hugsa vel um náungann og sýna kærleik. Verum minnug þess að fátt gleður meira en kærleikur og falleg orð. Fyrir hönd Sjálfstæðisfélags Hveragerðis óska ég öllum Hvergerðingum og öðrum lesendum Bláhvers gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að liða.



Berglin Hofland Sigurðardóttir  
formaður Sjálfstæðisfélags Hveragerðis



**Stjórn Sjálfstæðisfélags Hveragerðis óskar öllum Hvergerðingum og öðrum lesendum Bláhvers gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.**

# Fréttir frá Íþróttafélaginu Hamri

Árið sem er að líða hefur að flestu leyti verið farsælt fyrir Íþróttafélagið Hamar. Mikil gróska er í starfi deildanna og hefur heildarfjöldi iðkenda aukist á árinu. Sunddeild Hamars hefur aðeins átt undir högg að sækja, en það er von okkar að úr rætist enda fara þar fyrir starfi deildarinnar öflugir einstaklingar sem eru tilbúnir til að leggja mikið á sig til að vinna að framgangi sundíþróttarinnar í Hveragerði. Talsverð umræða hefur verið að undaförnu um kostnað foreldra við íþróttaiðkun barna. Þessi umræða er að mörgu leyti réttmæt, enda er oft og tíðum um að ræða veruleg fjárútlát af hendi foreldra, ofan á það bætist vinna við fjáraflanir o.fl. Bæjarstjórn Hveragerðis tók á

árinu ákörðun um að innleiða frístundastyrk. Með styrknum skuldbinda bæjaryfirvöld sig til að greiða 12.000 kr. með hverju barni undir 18 ára aldri sem iðkar íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi. Íþróttafélagið Hamar fagnar þessari ákvörðun og er það von okkar að þessi aðgerð létti undir með foreldrum. Mjög mikilvægt er að deildir Hamars stilli hækkunum á æfingagjöldum í hóf svo að styrkurinn nýtist sem best. Það þurfti hvorki meira né minna en tvær helgar undir jólamót Knattspyrnudeildar Hamars. Áætlaður fjöldi iðkenda á mótinu er 1.600. Jólamót Kjörís er orðin langstærsti einstaki viðburðurinn innan deilda Hamars og er mótið gott dæmi um þau gríðarlega

jákvæðu áhrif sem Hamarshöllin hefur haft fyrir Íþróttafélagið, bæði hvað varðar aðstöðu og ekki síður möguleika til tekjuöflunar. Samstillt átak foreldra, stjórnar og styrktaraðila gerir þennan glæsilega viðburð að veruleika. Fyrir hönd stjórnar Hamars vil ég þakka fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og sendi okkar bestu óskir um gleðileg jól, farsæld og hamingju á nýju ári

*Áfram Hamar!*  
*Hjalti Helgason, formaður Hamars*



# Fréttir frá Askí – félagi ungra !

Í Hveragerði er starfrækt félag ungra Sjálfstæðismanna, Askur, og hefur það starfað sleitulaust síðan árið 1971. Í stjórn Asks sitja nú Laufey Sif Lárusdóttir, formaður, Davíð Ernir Kolbeins, varaformaður, Jakob Fannar Hansen, gjaldkeri og meðstjórnendur eru Sigurður Páll Ásgeirsson, Ösp Vilberg Baldursdóttir og Vilhjálmur Sveinsson.

Félagið er opið ungu fólki á aldrinum 15 til 35 ára sem hefur áhuga á að taka þátt í skemmtilegu félagsstarfi, láta sig varða málefni Hveragerðisbæjar og hin ýmsu mál liðandi stundar.


Félagið stendur fyrir reglulegum viðburðum af ýmsum toga hér í Hveragerði og hefur þátttaka ávallt farið fram úr björtustu vonum. Má þar helst nefna viðburði eins og hið sívinsæla Pubquiz og fræðslufundi með forsvarsmönnum frá meirihluta bæjarstjórnar hér í Hveragerði. En viðburðir sem standa félögum okkar til boða eru þó ekki einungis bundnir við starfið hér í Hveragerði heldur höfum við einnig verið mjög dugleg að sækja þá viðburði og fundi er tengjast SUS en Askur er eitt af 30 aðildarfélögum Sambands ungra Sjálfstæðismanna. Fjölmenninum við á SUS þingið í Vestmanneyjum, haustfögnuð Hersis, félags ungra Sjálfstæðismanna á Selfossi og sóttum málefnafundum SUS fyrir landsfund Sjálfstæðismanna sem haldinn var í Reykjavík í lok október. Vert er að er taka það fram að Askur hefur fullnýtt öll sín sæti, og fleiri til, bæði á síðasta landsfundi og á SUS þinginu og er tekið eftir þeim krafti og áhuga sem fylgir félagsmönnum Asks. Með þátttöku okkar í starfi SUS eflum við tengslanet á landsvísi og tökum virkan þátt í málefnaþingi Sjálfstæðisflokksins. Þátttaka í félagsstarfi líkt og í Askí félagi ungra sjálfstæðismanna, er afar lærdómsrík og þroskandi. Við viljum hvetja alla áhugasama einstaklinga sem að vilja



hafa jákvæða áhrif á samfélagið hér í Hveragerði, til að taka þátt í því mikla félagsstarfi sem framundan er hjá ungum Sjálfstæðismönnum í Hveragerði. Á nýja árinu höldum við ótrauð áfram með þá stefnu að standa fyrir viðburðum að minnsta kosti

á tveggja mánaða fresti og þeir viðburðir sem er á dagskránni eru meðal annars Ungliða X-D laugardagskaffi, aðalfundur Asks, menningarferð til Reykjavíkur og afar spennandi fræðslufundur. Ættu allir að geta fundið viðburði við sitt hæfi á og því um að gera fylgjast vel með Ask á samfélagsmiðlunum (Facebook & Instagram) en þar deilum þeim viðburðum og nánari upplýsingum um þá sem eru á döfinni hverju sinni.

*Með jólakveðju,*  
*fyrir hönd stjórnar Asks – Félags ungra*  
*Sjálfstæðismanna í Hveragerði*  
*Laufey Sif Lárusdóttir, formaður*



## Íþróttamaður ársins

Þann 29. des. kl. 17:00 verður athöfn á vegum menningar- íþrótta- og frístundanefndar í Listasafni Árnesinga. Lýst verður kjöri íþróttamanns ársins árið 2015. Allir velkomnir.

## Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennu á gamlárskvöld kl. 20:30 við Þverbrekkur. Starfsmenn bæjarins munu sjá um alla framkvæmd við brennuna. Að gefnu tilefni er tekið fram að ekki er leyfilegt að vera með flugelda við brennu vegna þeirrar hættu sem það getur skapað. Flugeldasýning verður í umsjón Hjálparveitar Skáta.

## Kátt er á Fossflöt á þrettándanum

Jólin verða kvödd á þrettándanum með blysför frá Smá-görðunum kl. 17:30 og gengið í fylkingu að Fossflöt. Félags-samtök í bænum verða virkir þátttakendur í gleðinni ásamt bæjarbúum. Allir eru hvattir til að koma í búningum til að skapa sanna þrettánda stemningu.

**Bæjarstjórn Hveragerðis og bæjarstarfsmenn þakka Hvergerðingum gott samstarf á liðnum árum og óska þeim heilla og velfarnaðar á komandi ári.**

# Annáll ársins 2015

Að líta yfir farinn veg í lok árs er síður sem víða er hafður í heiðri. Það er auðvitað ávallt ánægjulegt þegar árið sem er að líða hefur fært þeim sem manni þykir vænt um gæfu og gleði. En þau ár sem færa manni hin ýmsu verkefni lífsins eru líka á sinn hátt góð. Það er auðvitað ekki þannig að lífið sé alltaf eintóm sæla en það er líka mikilvægt að muna að þau áföll og verkefni sem lífið óhjákvæmilega færir okkur gerir okkur að sterkari og betri manneskjum.

Í svona pistli er einungis hægt að minnst á örlítið brot af öllum þeim verkefnum sem rata á borð bæjarstjórnar og bæjarstjórnans. En áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með daglegu stússi bæjarstjórnans á [www.aldis.is](http://www.aldis.is) og auðvitað einnig með samfélagsmiðlum og heimasíðu bæjarins.

### Kalt en sólríkt sumar

Ég er ekki ein af þeim sem man hvernig veðrið var á hverju ári og hvað þá langt aftur í tímann. Síðan ég tók við núverandi starfi man ég helst eftir snjóavetrum og óumflýjanlegum snjómoksturskostnaði og eftir að Hamarshöllin reis man ég óviðrísköflum með alltof skýrum hætti. Rigningarsumarið mikla 2014 lifir þó enn í minningunni og þess vegna var sólin sem skein svo glatt á okkur síðasta sumar svo kærkomin. Ekki síður var hún kærkomin þar sem veturinn var með leiðinlegasta móti. Endalausar lægðir gengu yfir landið með snjókomu og vindi og

sjaldan ef nokkurn tíma hin síðari ár hefur Hellisheiðin lokað oftar en í ár.

### Aldrei fleiri Hvergerðingar

Rysjóttur vetur kom þó ekki í veg fyrir að fólk flytti til Hveragerðis. Þann 1. desember bjuggu hér 2.448 íbúar og hafa því 65 einstaklingar bæst í hópinn á síðustu 12 mánuðum. Er það afar ánægjulegt og bjóðum við þá alla hjartanlega velkomna í hóp Hvergerðinga.

### Afsláttur af gatnagerðargjöldum

Ekkert íbúðarhúsnæði hafði verið byggt hér í Hveragerði frá hrúni þegar bæjarstjórn ákvað að gefa 50% afslátt af gatnagerðargjöldum alls húsnæðis í bæjarfélaginu. Það gerði að verkum að nú er búið að úthluta öllum rað- og parhúsalóðum í bænum og framkvæmdum annað hvort lokið, þær hafnar eða teikningum verið skilað á þeim öllum. Einkaaðilar hugsa sér líka til hreyfings en á teikniborðinu eru núna um 40 íbúðir á ýmsum stöðum í bænum. Það er einnig ánægjulegt að framkvæmdir eru nú hafnar á flestum þeim eignum sem staðið hafa ókláraðar frá hrúni. Afsláttur af gatnagerðargjöldum hefur greinilega haft áhrif enda var hann hugsaður sem hvati til að hefja framkvæmdir en ekki síður sem útspil bæjarstjórnar til lækkunar byggingakostnaðar. Markaðssetning bæjarins var einnig með besta móti en bæklingi um Hveragerði var til dæmis dreift í valin hverfi á höfuðborgarsvæðinu auk þess

sem fjölmiðlar voru vel nýttir til markaðssetningar á árinu.

### Allir eru sendiherrar

Ánægðir íbúar eru aftur á móti albesta auglýsingin og bæjarstjórn er mjög meðvituð um það að hver einasti íbúi er í raun sendiherra okkar. Þess vegna viljum við ávallt vita ef við getum gert betur og bætt bæinn okkar. Ekki hika við að hafa samband ef þið eruð með hugmyndir að úrbótum eða einfaldlega einhverju sem lífgar upp á tilveruna.

### Öflugt íþróttalíf

Bæjarfélagið væri ansi daufllegt ef ekkert væri félagslífið og hér er svo sannarlega af nógu að taka. Í þetta sinn vil ég sérstaklega taka íþróttalífið út fyrir sviga enda hefur íþróttafólkið okkar svo sannarlega staðið sig vel á árinu og það svo eftir er tekið á landsvísi. Bæjarstjórn ákvað að innleiða frístundastyrki til barna og ungmennta á aldrinum 0-18 ára og hefur það gefist vel. Styrkurinn verður hækkaður í 15.000,- á næsta ári. Nemendur Grunnskólans komust í lokakeppni skólahreysti. Það var stolt bæjarfélag sem fylgdist með því hvað þau stóðu sig vel. Nú geta þeir sem eldri eru farið að láta sig hlakka til því Hveragerðisbæ hlotnaðist sá heiður að vera valinn sem



mótsstaður fyrir Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður 2017. Er undirbúningur að mótinu þegar hafinn.

**Umferðarljós á Breiðumörk**

Það er gríðarleg vakning í íþróttalífi bæjarbúa og nú er svo komið að það er heilmikil umferð um götur bæjarins fyrir kl. 6 á morgnana þegar stórir hópar mæta annað hvort í zumba eða í crossfit. Sundlaugin opnar nú fyrr á morgnana sem gerir fólki auðveldara fyrir með að iðka þá grein áður en vinna hefst. Það er þó óhætt að fullyrða að Hamarshöllin hefur gjörbylt allri aðstöðu til íþróttaiðkunar hér í Hveragerði og ekki síður möguleikum til tekjuöflunar fyrir deildir Hamars. Stærsta íþróttamót á Íslandi á veturna er nú haldið hér í Hveragerði og mættu um 1600 keppendur til að spila fótbolta í Hamarshöllinni í desember. Það sást líka greinilega á götum bæjarins og eldra fólk hafði á orði að nú væri sá tími runninn upp að það þyrfti umferðarljós á Breiðumörkina!

**LÁ tilnefnt til Eyrarrósarinnar**

Ferðamenn settu svip sinn á bæjarfélagið okkar á árinu og rekstraraðilar á þessu sviði hafa svo sannarlega gert sitt til að bæta þjónustu og auka veg Hveragerðis sem ferðamannabæjar. Í þessu sambandi er gaman að geta þess að Listasafnið var tilnefnt til Eyrarrósarinnar og lenti þar í efstu sætum. Er það mikill heiður fyrir Ingu Jónsdóttur, safnstjóra og starfsmenn hennar.

**Stefnt að leikskólabyggingu**

Bæjarstjórn stefnir ótrauð að því marki að börn fái inni á leikskóla frá 12 mánaða aldri. Í því skyni hefur verið skipaður starfshópur um byggingu nýs leikskóla og hefur hann tekið til starfa. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist þegar árið 2016 og að byggingin risi neðan við Heiðarbrún. Til að efla enn frekar leikskólastigið voru teknir upp styrkir til leikskólakennaranema í bæjarfélaginu. Hefur það haft þau áhrif að nú eru 5 starfsmenn í námi.

**Vigdís gróðursetti tré**

Konum var gert hátt undir höfði á árinu í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna. Bæjarstjórn tók saman upplýsingar um konur í bæjarstjórn og samþykkt var einróma að torgið í miðbænum skyldi kallað Kvennaskólatorg. Í ljósi þessa varð það einn af hápunktum ársins þegar frú Vigdís Finnbogadóttir heimsótti okkar á Blómum í bæ og gróðursetti hér 3 tré í lund sem héðan í frá verður kenndur við hana.

Hægt væri að lengja þennan pistil verulega með umfjöllun um viðburði liðandi árs en hér læt ég staðar numið.

Með ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári vil ég þakka yndislegar samverustundir og gæfuríkt samstarf á liðnum árum.

*Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri.*



# Það venst að vera í burtu um helgar

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu þá er Hveragerði tiltölulega ungt samfélag en á næsta ári verður því fagnað að 70 ár eru liðin frá því að Hveragerðishreppur varð til.

Íbúar bæjarins hafa í gegnum tíðina komið víða að og því myndaðist hér fljótt mjög lifandi og skemmtilegt samfélag þar sem allir sameinuðust um að byggja upp þennan nýja bæ.

Ein af þeim sem hingað hafa flutt úr öðrum landshluta er hún Valgerður Jóhannesdóttir, betur þekkt sem Gógó í Eden. Það var bæjarbúum mikið reiðarslag þegar Eden brann til grunna þann 22. júlí 2011 en fáum kannski meira en henni Gógó en hún hafði starfað megnið af sinni starfsævi í Eden.

Mörgum þykir löngu tímabært að merki Eden verði aftur hafið á loft en okkur þótti ekki síður tímabært að Gógó yrði viðmælandi jónablaðs Bláhvers í ár.

Gógó er fædd í Ytra-Vallholti í Skagafirði 8. september 1940. Foreldrar hennar voru Sigríður Ólafsdóttir, frá Álftagerði í Skagafirði og Jóhannes Guðmundsson sem fæddur var að Ytra-Vallholti. Systurnar eru tvær, Gógó og Guðrún sem er tveimur árum eldri.

„Heima var búið með kúr, kindur og hesta, með öðrum orðum var þetta hefðbundinn sveitabúskapur. Á sumrin komu alltaf krakkar úr Reykjavík sem voru hjá okkur og var það dásamlegt. Lifguðu þau heilmikið uppá lífið og voru þau líka þrældugleg. Það var auðvitað heilmikið puð í sveitinni enda allt meira og minna gert í höndunum á þessum árum. Á sumrin bættist kona sem hét Bjarnfríður í hópinn og sonur hennar Hjörtur

Vilhjálmsson. Komu þau alltaf til okkar að vori og voru langt fram á haust. Varð hann Hjörtur þannig hálfgerður bróðir okkar systra og höldum við ávallt góðu sambandi við hann. Hún Bjarnfríður kenndi mér heilmikið en hún var meira í útistöfunum á meðan að mamma sinni innivorkum. Hún kenndi mér meðal annars að maður ætti aldrei að vinna betur en þegar húsbóndinn er ekki heima. Þessi skynsömu orð hafa fylgt mér alla tíð þrátt fyrir að ég hafi verið afar ung þegar hún sagði þetta við mig.”

## Skautað um Skagafjörð

Skagafjörðurinn er að margra mati besta sveit landsins og í augum Gógóar þá var hann dásamlegur þegar hún var að alast upp. Ytra-Vallholt er staðsett austan við Húseyjakvíslina, áleiðis inn að Vindheimamelum. Gógó minnst þess að á veturna hafi verið þarna gríðarleg sveill og klaki á vötnunum sem gerðu þetta að hættusvæði fyrir skepnurnar. Þær gátu átt það til að falla í vakir og þá var það ansi mikið erfiði að ná þeim upp úr. „Aldrei drápu þó frá okkur hross í þessu brasi enda sást vel til vatna frá Vallholti. Vegna þessa urðum við systur ansi góðar á skautum enda skautuðum við iðulega upp í Varmahlíð. Samstarfskonur mínar í Eden gáfu mér í 70

ára afmælisgjöf ferð í Skautahöllina. Þar kom í ljós að ég hafði engu gleymt, það kom þeim mest á óvart”, segir Gógó og skellir upp úr.

## Ómissandi á búinu

„Eftir grunnskólagöngu í Varmahlíð fór ég í framhaldsnám á Sauðárkróki. Þá var faðir minn orðinn alveg blindur og þarna voru þau farin að þarfnast mikillar aðstoðar við búskapinn. Fljótlega varð ég að hætta í skóla til að aðstoða



Valgerður Jóhannesdóttir á yngri árum.

þau. Presturinn og kennarinn reyndu að fá foreldra mína til að leyfa mér að halda áfram en pabba varð ekki haggð. Ég skildi hann svo sem ágætlega enda veit ég alveg að ég vann eins og berserkur og var örugglega alveg ómissandi á búinu eins og ástandið var orðið. Mér þótti þó dapurlegt að geta ekki haldið náminu áfram, en svona var það. Seinna meir fór ég í Húsmæðraskólann á Löngumýri en þar kynntist ég stúlkum sem urðu góðar vinkonur mínar og ég er enn þann dag í sambandi við. Þó ég hafi farið í húsmæðraskóla þá lærði ég heimilisstörfin fyrst og fremst hjá mömmu en handavinnu og slíkt stundaði ég og lærði einnig á Löngumýri. Mamma var ekki bara yndisleg móðir okkar systra heldur var hún einnig sérlega góð húsmóðir.”

Einhver myndi kannski halda að Gógó hafi ekki unnið annars staðar en í Eden svo rótgróin er hún í minningu bæjarbúa um staðinn. En það er þó ekki svo. Gógó fór nokkur ár á vertíð og meðal annars til Vestmannaeyja. Í Eyjum vann hún í mótuneyti Fiskiðjunnar frá janúar og fram í maí í um fjögur ár. „Ég myndi aldrei senda barnið mitt í þessar aðstæður í dag en ég var svo sjálfstæð að þetta blessaðist allt. Ég var heppin, vann með svo góðu fólki sem kenndi mér svo margt. Þarna var mikið fjör en jafnframt mikil vinna, ég viðurkenni það, en það var bara svo gaman í vinnunni! Við vorum alltaf að skemmta okkur þó við værum þreyttar. Þarna sá ég Snorra Jónasson fyrst sem líka var þarna á vertíð en við fórum nú samt ekki að skjóta okkur almennilega fyrr en löngu seinna”, segir Gógó sem greinilega hefur afskaplega gaman af að rifja upp þessa tíma.

## Bjuggu í Skrattabæli

Þegar hér var komið sögu hafði Guðrún, systir Gógóar, kynnst sínum manni, Sigurði



Systurnar Valgerður (t.v.) og Guðrún með foreldrum sínum

Ingimarssyni, og bjuggu þau í Brúarhvammi sem er rétt handan Varmár. Gógó gerði þá foreldrum sínum ljóst að hún vildi ekki ílengjast í Vallholti og þá ákváðu foreldrar hennar að flytja í Hveragerði. Þetta var árið 1964. Þau fluttu þá í hús á lóð Fagrahvatns sem kallað var Skrattabæli. Seinna keyptu foreldrar hennar húsið að Heiðmörk 53. Gógó fór að vinna í saumastofunni Magna þegar hún flutti í Hveragerði. „Hjá Magna voru meðal annars framleidd tjöld og svefnpokar en ég var mest í því að sauma buxur. Þarna unnu örugglega um 15 manns og þetta var góður vinnustaður.“

### Góðir nágrannar eru svo dýrmætir

„Þegar ég kom hingað fannst mér Hveragerði ekki spennandi, það var svo miklu meira fjör á Króknum. Ég þekkti auðvitað engan og mér fannst frekar daufleg hér vestin, sérstaklega eftir allt fjörið í Eyjum. En við vildum fyrir alla muni vera nálægt Gunnu systur en við höfum alltaf verið afskaplega nánar. Mamma fór að vinna við bakstur á Ási og átti hún þar dásamlega daga og líkaði vel. Pabbi fór til Gunnu á morgnana því hann gat ekki verið einn. Í húsinu við hliðina á okkur bjuggu þá hjónin Bjarni Eiríkur Sigurðsson og Kristín Jónsdóttir og reyndust þau foreldrum mínum afskaplega vel. Pabbi og Bjarni gátu setið tímum saman og rætt pólitík þrátt fyrir að vera næstum aldrei sammála. Mér finnast góðir nágrannar svo óendanlega mikilvægir. Ég hef líka verið svo heppin með þá í gegnum tíðina. Iðjumörkin er lítil gata og hér þekkjast allir, við erum samt ekkert inni á gaffli hvert hjá öðru en ég veit að ef ég þarf einhvern tímann á þeim að halda þá eru allir boðnir og búnir að aðstoða jafnt að nóttu sem degi og það skiptir svo miklu máli.“

### Fjölskyldan býr öll í eða við Hveragerði

Þrátt fyrir að vera flutt í Hveragerði hélt Gógó áfram að fara í burtu til að vinna og kom hún víða við. „Eitt sumarið var ég að vinna á hótelinu á Húsavík og þar kynntumst við Snorri loksins en hann er þaðan. Við giftum okkur 3. ágúst 1969 en þá var Guðrún Eiríka fædd. Síðan bættist Jóhanna Sigurey við árið 1972 og Jóhannes 1975. Við fluttum á Iðjumörkina árið 1971 rétt áður en Jóhanna fæddist en fram að því höfðum við búið hjá foreldrum mínum í litla húsinu á Heiðmörkinni. Ég lit á okkur sem afar lánsöm en við eigum þrjú yndisleg börn, fjögur barnabörn og 1 barnabarnabarn og það er líka okkar gæfa að hafa þau öll nærri en hópurinn okkar býr allur í kringum okkur hér í Hveragerði. Snorri minn vann alla tíð í garðyrkju hér í Hveragerði. Fyrst í Garðyrkjustöðinni Fagrahvammi og síðan hjá Bjarna Finnssyni í Ylraekt.“

### Vildi ráða vinnutímanum

Eftir að Jóhanna fæddist árið 1972 ákvað Gógó að sækja um vinnu síðdegis og um helgar niðri í Eden. „Talaði ég við Braga sem oft gat nú verið snöggur í tilsvörum og sagði hann við mig að hann réði nú fólk á þeim tímum sem hann vantaði fólk en léti það ekki sjálft um að ráða vinnutímanum. Samt fór það nú svo að ég byrjaði í Eden og eftir það varð ekki aftur snúið.“

### Brjálað að gera í Eden

Eden var miklu minna í sniðum árið 1972 en síðar varð og byrjaði Gógó í sjoppunni. „Skókassi var notaður fyrir peningana og allt lagt saman á blaði. Eldhúsið var pínulítið og svæðið smátt í sniðum sem ætlað var fyrir gesti til að setjast niður. En það var alveg brjálað að gera. Eden var á þessum tíma eina kaffihúsið á stóru svæði. Á þessum árum giltu líka strangar reglur um opnunartíma og allt var lokað um helgar í Reykjavík. Páskarnir voru alltaf gríðarlega stórir og mikið fjölmenni enda var allt þá lokað í Reykjavík. Við vorum með ullarvörur til sölu og þegar von var á rútum voru oft sett löng borð eftir endilöngum salnum til að gestir gætu skoðað en annars voru ullarvörurnar í básum eins og allt annað þarna til að byrja með. Eftir nokkurn tíma var ég orðin eingöngu í veitingunum og bakaði og smurði brauð með nokkrar konur með mér. Ég sá þó að mestu um baksturinn.“

### Veitingarnar voru vinsælar

Vinsælast í veitingunum var smurða brauðið sem Eden var landsfrægt fyrir. Alvinsælast þar var „Roast beef“ brauðið. Marengsinn var gríðarlega vinsæll en kanilsnúðar og vinarbrauð sem ég bakaði nutu líka vinsælda. Fyrir góða helgi þurfti ég oft að baka fleiri hundruð kanilsnúða. Þetta var ógurlega skemmtilegt og þessir ungu krakkar sem unnu með mér voru til fyrirmyndar. Ég þurfti oft að kenna þeim en þau stóðu sig undantekningarlaust með mikilli þrýði.“ Gógó kenndi mörgum Hvergerðingum að vinna. „Ég vann með mörgum góðum konum og við höldum sumar hverjar ennþá góðu sambandi.“

### Var ekki alltaf sammála Braga

Gógó vann náið með eiganda Eden, Braga Einarssyni. „Okkar samstarf var mjög gott en við vorum ekki alltaf sammála. Hann átti auðvitað staðinn og hann réði en hann

spurði mig oft álits á hinum ýmsu málum. Hann átti ekki krónu þegar hann byrjaði og því var gaman að sjá hversu vel staðurinn gekk. Hann vann líka rosalega mikið og var vakinn og sofinn yfir staðnum. Fjölskylda hans öll vann líka mikið í Eden og tók þátt í rekstrinum. Bragi var líka heimilisvinur hér hjá okkur, kom hingað oft, fékk kaffisopa og spjallaði.“

### Skinnastaðir, Brúsastaðir og Silfrastaðir

En hvers vegna heldur Gógó að svo margir hafi komið í Eden?

„Það sem gerði Eden sérstakt var auðvitað útlitið, þessi gamla stemning, allur gróðurinn og það að komast inn í hlýjuna í svona gróðurvin. Burstabæirnir í gróðurhúsinu þóttu sérstakir. Bragi hafði fengið hugmyndina að þeim enda var hann mikill listamaður. Gestir á veitingahúsinu gátu sest niður í sinni burst og notið veitinga og eins voru vörurnar seldar í burstabæjum fyrstu árin. Skinnastaðir hýstu ullarvörurnar, Brúsastaðir veitingarnar og Silfrastaðir minjagrip og skart. Í Eden fékkst líka alltaf það nýjasta í ullarvörum og minjagripum.“

### Margsetið við öll borð

Allir sem muna eftir Eden á gullaldarárunum geta rifjað upp þann mannfjölda sem



Valgerður og Snorri.

heimsótti staðinn. „Stundum var svo margt í salnum að það var margsetið við öll borð. Þetta var ofboðslega gaman en líka hreinasta martröð. Það er bæði gaman og erfitt þegar allt klárast um leið og það er sett fram. Það var líka alveg gríðarlegt álag í ísnum þegar hundruð lítra af ísblöndu runnu þar í gegn á góðri helgi. Þegar mest var voru um 13 manns á vakt bara í veitingunum. Síðan voru aðrir í ullinni og gjafavörum og í gróðurhúsinum og því. Sennilega hafa um 30-40 manns unnið í Eden þegar mest var.“

### Tónlist og myndlist í Eden

Bragi í Eden var duglegur að laða fólk til staðarins og meðal annars fékk hann til sín ýmsa listamenn sem skemmtu í Eden. „Ég

man eftir félögunum í Dos Paragayos sem hér spiluðu seiðandi suðurameríska tónlist og einnig man ég eftir honum Ramon sem þótti ægilega sjarmerandi söngvari. Tískusýningarnar sem haldnar voru tvisvar á hverju fimmtudagskvöldi yfir sumartímann fylltu húsið. Myndlistarsýningar voru líka mjög vel sóttar og þar seldist oft ansi vel. Við Snorri ættum örugglega engin málverk nema af því að við gátum keypt okkar í Eden. Vinsælir dansleikir voru einnig stundum haldnir en Bragi nýtti öll tækifæri til að auka aðsókn og gekk það vel.“

### Alltaf annað hvort okkar heima

Snorri eiginmaður Gógóar kemur nú í eldhúsdýrnar og þá er ekki annað hægt en að spyrgja hvernig það hafi verið að hafa eiginkonuna svona mikið í burtu? „Það vandist mjög fljótt að hafa konuna í burtu allar helgar (hann var guðsfeinn, gellur í Gógó). Ég varð að sjá um helgarsteikina og var alla tíð meira heima en hún og einnig þegar krakkarnir voru litlir.“ Gógó segir að það hafi nú lítið þýtt að sjá eftir því að hafa gert þetta með þessum hætti. „Það þýðir lítið að hugsa um það hvað ég var mikið í burtu. Krakkarnir höfðu alltaf annað hvort okkar heima og það eru líka forréttindi að vera hjá föður sínum. Snorri er síðan líka svo miklu notalegrri heldur en ég“, segir Gógó og skellihlær eins og henni einni er lagið! „Það var sjálfsagt ekkert verra fyrir krakkana okkar að hafa hann heima heldur en mig. Maður gerir það auðvitað ekki að gamni sínu að vinna svona mikið en við urðum að hafa þetta svona. Við vorum að byggja og við áttum litil börn.“

### Eden í ljósum logum

Þann 21. júlí 2011 átti Gógó tíma hjá lækni og fór því ekki í vinnuna í Eden. Þau hjón fóru að sofa fyrir miðnætti en vöknudu við símann þegar Jóhanna hringdi um nóttina og



Snorri og Gógó með börnin sín, Guðrúnu, Jóhannes og Jóhanna.

lét vita að Eden stæði í ljósum logum. „Ég fór ekki niður eftir um nóttina og það liðu margar vikur áður en ég fór að rústumum. Bara gat það ekki. Þetta var því líkt reiðarslag. Mér finnst afar sorglegt að Eden skuli



hafa horfið með þessum hætti. Ég hafði unnið hjá öllum þeim sem ráku Eden eftir að Bragi seldi og líkaði mér það ágætlega. Ég vann í Eden í samanlagt rétt tæplega 40 ár hjá fjórum aðilum. Núna heyrir ég að komnar eru fram hugmyndir um nýtt Eden og ég fylgist spennu með þeim. Held ég myndi hoppa hæð mína í loft upp af gleði ef af því yrði!“

Það er ekki amalegt að taka viðtal við konu eins og hana Gógó sem býður uppá snittur, marengstertur og smákökur þegar komið er í heimsókn á fallett heimili þeirra hjóna. Útsendari Bláhvers þakkar einstaklega skemmtilegt spjall og góða dagstund.

Í lokin er síðan vel við hæfi að við birtum hér aðferðina hennar Gógóar að hinu sívinsæla brauði með roast beef sem svo fleiri megi njóta. „Maltbrauð kaupi ég í Bakameistararnum. Nautakjötið steiki ég sjálf. Sker það síðan í örþunnar sneiðar og raða á brauðið. Ofan á er sett remúlaði, tómatsneiðar, steiktur laukur, asiur, ferskjur, snúin gúrkusneið til skreytingar og steinselja.“

Aldís Hafsteinsdóttir

## Jólahugvekja

Ekki gera neitt – jólin eru að koma! Svona hljómar undirtitill á bók sem ég hef verið að kynna mér. Hún er eftir enskan biskup á forni nokkurs konar jóladagatali sem miðar að því að fá okkur til að hugsa öðruvísi um dagana fyrir jól en við erum kannski vön. Inntakið er hvatning til að staldra við, slaka á, hætta að eyða um efni fram en vera um leið heiðarleg um það sem okkur vantar.



Aðventan og biðin heyra saman.

Við þökkjum öll hvernig spennstigið hækkar á aðventunni. Það er margt sem þarf að gera, miklar væntingar, bæði okkar sjálfrar og annarra í kringum okkur um það að aðventan eigi að vera svo dásamleg. Það á að fara á

jólahlaðborð, jólatónleika, fara í bæinn, kaupa helling. Við sem erum með börn þurfum að fylgja þeim eftir þar sem bæði skólinn og tómstundirnar bjóða upp á eitthvað aukalega á þessum tíma. Og allt er þetta yndislegt og skemmtilegt en getur líka orðið allt of mikið, streituvaldandi og kostnaðarsamt og er þá fljótt farið að snúast upp í andhverfu sína.

Því staðreyndin er sú að aðventan getur líka verið erfiður tími. Með okkur búa ekki bara væntingar heldur líka minningar og sorg, tilfinningar sem búa alltaf í okkur en skjóta oftar upp kollinum á þessum tíma og þá þannig að við getum ekki látið eins og ekkert sé. Á sama tíma finnum við þennan þrýsting sem er á okkur öll. Það er ekki alltaf hjálplegt og styðjandi.

Aðventan og biðin heyra saman. Dyggð aðventunnar er að vera ekki alltaf að, heldur að staldra við og biða. Bíða ekki í óþolinmæði heldur eftirvæntingu og von. Leyfa okkur að

hvíla í aðstæðunum hverju sinni og upplifa gæðin sem felast í þeim. Það gildir líka um þæfinginn, aðstæðurnar sem eru óvæntar og koma illa við okkur. Og um erfiðu tilfinningarnar gildir að kannast við þær sem hluta af okkur sjálfum þegar þær minna á sig. Því andspænis öllu dótinu, hávaðanum, kapphlaupunum og neyslunni standa tvö börn: litla barnið í okkur sjálfum og barnið í Betlehem sem kom í heiminn til að segja þér mikilvægustu fréttirnar um þig: að þú ert elskað barn Guðs sem átt allt það besta skilið. Sambandið milli þeirra kærleikurinn sjálfur, kærleikur Guðs til mannanna, kærleikur sem er á leiðinni til þín til að bjóða þér samfylgd sína alla daga lífs þíns. Um þetta snúast jólin.

Gleðilega jólahátíð kærri lesandi Bláhvers. Megi friður og gleði jólanna umvefja þig og ástvinu þína á helgri hátíð.

Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir

# Jólaeveðja bæjarfulltrúa



**Bæjarfulltrúar**  
**Sjálfstæðisfélagsins senda**  
**bæjarbúum og öðrum**  
**lesendum Bláhvers óskir**  
**um gleðilega jólahátíð,**  
**fríð og farsæld á komandi**  
**ári. Þökkum skemmtilegar**  
**samverustundir og gott**  
**samstarf á árinu**  
**sem er að líða.**

**Í ár ætla tveir bæjarfulltrúar að**  
**deila úr uppskriftabókum sínum til**  
**lesenda Bláhvers.**



**Kjöt og stir-fry**  
600 gr nautakjöt (sirloin eða betra)  
1 tsk kornsterkja (maizenamjöl)  
2 tsk matarolía (helst hnetuolía)  
1 tsk sesamolía (má sleppa)  
3-4 vorlaukar skornir í 1cm bita, nota  
allan laukinn  
2 hvítlaukar þunnt skornir í skifur  
2-3 chili, fræin tekin úr og  
niðursneiddir, ekki of smátt (svo  
hægt sé að skilja þá frá fyrir þá sem  
ekki vilja)  
3 cm engiferbútur, afhýddur,  
sneiddur í eldspýtuform  
1/2 bolli kóríander, niðursneiddur

**Aðferð (Undirbúningur)**  
1. Sneiðið steikina í 1,5 cm sneiðar og  
skerið síðan hverja sneið í þunnar ræmur.  
2. Hrærið öllu saman í marinerungunni. Leggið  
kjötið í og hrærið vel. Látið kjötið liggja í allavega  
30 mínútur eða allt upp í 4 tíma í ísskápnum.

**Unnur Þormóðsdóttir** gerir nefnilega gríðarlega  
góða **humarsúpu** og hér er uppskriftin að henni.  
Til að byrja með er soðið lagað með því að öll skel  
er tekin og sett í pott og steikt upp úr olíu, bætt  
út í 1 lauk, selleristöngli, gulrót, lárviðarlaufi,  
kryddað með hvítlauk, paprikukryddi, salti,  
sítrónupipar og karrýi og velt saman. Vatni bætt  
í og látið fljóta vel yfir. Fiskikrafti og kjötkrafti  
bætt út í líka, látið sjóða í ca 2 tíma. Þá er allt hrat  
sigtað frá og vökvinn tekinn til hliðar.

**Síðan er humarsúpan löguð á eftirfarandi hátt:**  
1 stk. púrra  
4 -5 gulrætur  
1-2 stönglar sellerý smátt skorið  
Allt skorið niður og mykt í olíu í potti (Mikið  
grænmeti er betra)  
- Soðinu bætt út í  
1 fiskikraftsteningur (ef þarf, settur í lokin)  
1 kjötkraftsteningur (ef þarf, settur í lokin)  
Sítrónupipar (ef þarf, sett í lokin)  
Paprikukrydd (ef þarf, sett í lokin)  
Hvítlaukskrydd (ef þarf, sett í lokin)  
Karrý (ef þarf, sett í lokin)  
Salt (ef þarf, sett í lokin)  
1-2 l rjómi / matreiðslurjómi gott að blanda  
og fer eftir magni sem á að búa til  
Hvítvín 1 – 2 bollar (smakkist til)  
Tómatar maukaður í dós með t.d. hvítlauk  
og basil  
1-2 msk. koníak (smakkist til)  
Kókosmjólk ¼ dós ef vill.  
Allt soðið þar til gulrætur eru mjúkar, smakkist til  
og bætt í kryddi eftir þörfum. Mér finnst stundum  
gott að nota t.d. hvítlaukssmurost og/eða piparost,  
passið ykkur bara á piparostinum að smakka vel  
til. Gott að nota rest af olíukryddi sem notað er í  
foccacia brauðið út í súpu.  
Humar settur skelflettur út í sjóðandi súpu 1 mín.  
áður en súpa er borin fram.

**Foccacia brauð með humarsúpunni.**  
8 bollar hveiti  
½ dl olía  
3 – 3½ dl volgt vatn  
1 poki þurrger  
Salt  
Sykur

Allt sett í skál og hrært með sleif, deigið á að vera  
frekar blautt, plastpoki settur yfir og látið standa  
upp við heitan veggofn. Látið hefast í lágmark 1  
klst. Gott að byrja á að setja í brauðið og hefjast  
svo handa við humarsúpuna.  
Olía ofan á  
Basilbúnt  
2 rif hvítlaukar eða eftir smekk  
Maukað vel saman  
Olíu bætt við ca 1 ½ dl eða meira  
Safi úr hálfri sítrónu sett út í  
Salt ½ tsk  
Þegar deigið er hefað og á að fara inn í ofn, þá  
er það sett á smjörpappír í ofnskúffu og ýtt til  
með fingrunum, hluta af oliunni er svo hellt yfir.  
Bakað í ca 15-25 mín (þar til það fer að brúnast)  
á ca 200°C í miðjum ofni. Þegar það er komin  
brúnleit skorpa þá er brauðið tekið úr ofninum,  
meiri olíu hellt yfir og Maldon salti stráð yfir.  
Ef það er afgangur af oliunni er um að gera að  
hella honum út í súpu.

Uppskriftin sem **Þórhallur Einisson (Tolli)** deilir  
með lesendum þetta árið er að „**stir-fry**“ **kjötrétti**  
sem er í miklu uppáhaldi á hans heimili.

Tolli segir að lykllinn að góðri steikingu ‘stir-fry’  
sé að vera með mjög heita pönnu, svo heita að það  
rýkur upp úr oliunni áður en byrjað er að steikja.  
Hár hiti á pönnunni gefur góða steikingu á kjötinu  
og grænmetinu án þess að það ofeldist.  
Það er fljótlegt að undirbúa og elda skv. þessari  
uppskrift, undirbúningurinn er 15 mínútur,  
eldunartími 10 mínútur og marineringin tekur  
sig á 30 mínútum. Lögurinn er búinn til úr soya  
sósu, ediki, hunangi og engifer, kjötið er steikt  
með chili, hvítlauk og meiri engifer. Eftir eldun er  
rétturinn lagður ofan á hrísgrjón og toppaður með  
kóríander. Fljótleg, auðvelt og mjög gott :)

**Marinerin**  
2 tsk hrísgrjónaedik  
5 tsk soya sósa  
1 tsk hunang  
1 tsk afhýtt, raspað engifer  
1 tsk chili pepper flakes  
1 tsk malað kúmen

**Aðferð**  
1. Hrærið kornsterkjunnar saman við 2 msk vatn til  
að búa til lög.  
2. Hellið leginum af kjötinu og þurrkið það með  
eldhúspappír. Búið til skammta úr kjötinu á stærð  
við handfylli til að steikja í einu.  
3. Hitið oliuna á pönnunni (wok panna er best í  
þetta en ekki nauðsynleg) þar til reykur byrjar að  
koma frá henni.  
4. Steikið hvern skammt fyrir sig þannig að kjötið  
steikist að utan (hámark 1 mín hver skammtur).  
Hér gildir að hafa hraðar hendur og snúa kjötinu  
eftir 15-20 sekúndur þannig að það steikist á  
báðum hliðum. Setjið kjötið í skál eftir eldun.  
5. Þegar allt kjötið er eldað og komið í skál  
setjið þá chili og hvítlauk í pönnuna og steikið í  
30-45 sekúndur. Bætið engiferinu og eldið í 30-  
45 sekúndur í viðbót. Bætið kjötinu í pönnuna.  
Hrærið kornsterkjulöginn ef hann hefur sest og  
bætið í pönnuna. Bætið við vorlauknum og hrærið  
allt vel saman í 1-2 mínútur.  
6. Slökkvið á hitanum og bætið kóríander við.  
Berið fram með hvítum hrísgrjónum.

**Eftirmáli**  
„Við sigtum alltaf engiferið og chilibitana frá  
þegar við skömmtum grislingunum og þau borða  
restina með góðri lyst. Rétturinn er ekki sterkur  
þegar þetta hefur verið tekið frá og því getum við  
fullorðnu notið réttarins eins og hann er ætlaður  
en krakkarnir notið hans líka“, segir Tolli að  
lokum.



# Gleðileg jól

Mér finnst ég nánast hafa verið að skrifa jólakort síðasta árs í gær. Kannski er það aldurinn en það er með ólíkindum hversu stutt er orðið milli jólaanna hin síðustu ár.

Aðventan er yndislegur tími, tími eftirvæntingar og tilhlökkunar. Og þó svo að dagurinn verði ekki styttri en þessa síðustu daga fyrir jól þá finnur maður alltaf samt fyrir aukinni birtu þegar aðventan hefst. Ljósaseriurnar hjálpa óneitanlega til – en líka vissan um það að brátt taki daginn að lengja á ný og tilfinningin sem því fylgir.

Stemningin þessar síðustu vikur ársins er yndisleg þar sem við höldum gjarnan í hefðirnar, bókum, skrifum jólakort, skreytum og gerum okkur glaðan dag með vinum og fjölskyldu. Hjá sumum koma varla jól nema ákveðnar hefðir séu haldnar, eins og að borða skötu á Þorláksmessu, að hlusta á jólakveðjurnar í útvarpinu og að fara með kerti á leiði aðstandenda. Þessir hlutir skapa hátíðleikann sem við viljum hafa á jólnum.

Íhaldsmaðurinn ég er engin undantekning og nokkrar hefðirnar sem mér finnst notalegt að hafa í heiðri á aðventunni. Ein er sú að baka piparkökur með sonum mínum. Við það verkefni er raunar ágæt verkaskipting hjá okkur í fjölskyldunni því ég hef yfirumsjón með bakstrinum, en svo tekur eiginmaðurinn við þegar kemur að því að skreyta. Metnaðurinn er gríðarlegur og sköpunargleðin takmarkalaus. Hefðbundnir jólasveinar, jólatré og stjörnur í sambland við geimflaugar, flugvélar, ninjur og kappakstursbíla af öllu tagi.

Þetta er aðventan fyrir mér. En aðventan mín undanfarin á er líka mörkuð af miklu annriki í þinginu. Langir dagar, þingfundir fram á nótt er nánast farið að vera hluti af mínum jólahefðum. Mörg mikilvæg mál eru afgreidd á lokadögum þingsins – núna sjáum við t.d. í fjárlagaafgreiðslu næsta árs að áfram verður haldið með stefnu ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir, afnám tolla og vörugjalda, forgangsroðun fjármuna í þágu heilbrigðis- og menntamála og miklar kaupmáttarhækkunar verða að veruleika. Það er gleðiefni og að sjálfsögðu verður áfram haldið við það verkefni að gera okkar góða samfélag enn betra.

Aðventan er líka tíminn sem við viljum láta gott af okkur leiða. Mörg okkar gefa fjármuni til ýmis konar hjálparstarfs í þágu þeirra sem minna hafa milli handanna svo þau geti veitt sér og börnum sínum meira um jólin. Aðrir

styrkja mikilvæg sjálfbæðisráðgjafar á borð við Rauða krossinn og Landsbjörgu.

Svo eru það þeir sem krydda hversdaginn eins og maðurinn sem bauð næsta manni á eftir sér í röðinni á kaffihúsinu upp á kaffibolla um daginn bara af því að hann vildi gleðja hann. Eða sá sem skóf snjóinn af bíl nágrannans, alveg óumbeðið. Eða hann Kári Pálsson, 11 ára gamall Vesturbæingur, sem reitir arfa, týnir rusl og snyrtir beðin í gördum nágrannanna á sumrin og moka snjóinn fyrir þá á veturna – alveg óumbeðinn og upp á sitt einsdæmi. Dásamlegur drengur.

Það þarf oft ekki mikið til að gefa af sér og gleðja náungann eða til að veita þeim sem á ekkert færi á að halda hátíðleg jól. Aðventan

er jú tími kærleika, gleði og vonar.

Ég hlakka til jólaanna og vona innilega að landsmenn allir eigi gleðileg jól. Mín uppskrift að góðum jólum er ekki flókin. Til þess þarf rjúpnalykt á aðfangadag og samveru með þeim sem mér þykir vænst um heima á Heiðarbrúnni.

Ég óska Hvergerðingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári um leið og ég þakka samveru í leik og starfi á árinu sem er að liða.

*Ragnheiður Elin Árnadóttir  
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi*



## Að vera ungur og hafa áhrif

Stjórnsmál geta verið skemmtileg. Umræða og fjölmargar ákvarðanatökur sem snerta okkar daglega líf, sem alla varðar, tengjast stjórnsmálum. Hvað þú borgar í skatt, hvort þú getir keypt þér íbúð, hvort atvinnutækifæri séu mörg, hvernig þjónusta þú færð þegar þú veikist, hvað þú mátt nefna barnið þitt og hvað það lærir í skólanum. Það er því kannski sérkennilegt að áhuginn til að hafa áhrif sé ekki meiri. Það er þó að vissu leyti skiljanlegt að ungt fólk leiti ekki í stjórnsmálin, stjórnsmálaflokkarnir heilla ekki og Alþingi virðist ekki vera áhugaverður vinnustaður.

Það er mikilvægt að Alþingi breytist, þetta á að vera eftirsóknarverður staður til að starfa á í nokkur ár en síðan á vera möguleiki að fara eitthvað annað. Stjórnsmáláþátttaka ætti að vera stökkpallur og góð reynsla. Við þurfum að einhverju leyti að hætta að horfa á stjórnsmálin sem ævistarf. Svo það gerist þarf ekki einungis að breyta viðhorfinu hjá þeim sem starfa í stjórnsmálum, heldur einnig öðru fólki sem horfir á stjórnsmálin.

Margt fleira þarf að breytast og ég er viss um að hlutirnir muni halda áfram að breytast. Fólk og stjórnsmál voru ekki eins árið 1995 og árið 1975. Þannig hafa líka orðið miklar breytingar á síðustu 20 árum. Það er mjög

jákvætt því stöðnun er ekki eftirsóknarverð.

Það er nauðsynlegt að ungt fólk standi upp og taki þátt í því að hafa áhrif á þjóðfélagið sitt. Geri breytingar til hins betra til þess að Ísland verði það land sem það vill búa á til frambúðar. Ísland þarf að hafa fyrir því að standast samkeppni við önnur lönd á ýmsum sviðum. Það er ekkert náttúrulegt að allt sé betra hér, að halda því fram er einfaldlega svolítið hallærislegt. Hér eru þó gríðarlega mörg tækifæri og á þau er möguleiki að hafa áhrif.

Fleira fólk þarf að fá að upplifa hvað stjórnsmálin geta verið skemmtileg og hvað starf stjórnsmálaflokks getur skipt miklu máli. Það er kannski auðveldara að vera heima fyrir framan tölvuskjáinn og kvarta yfir hvernig stjórnsmálamaðurinn haga málunum. En það er mun merkilegri upplifun að finna að skoðanir manns skipti máli og að maður geti haft raunveruleg áhrif.

Ég sendi lesendum Bláhvers mínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,  
ritari Sjálfstæðisflokksins*



# Jólin koma með Kjörís



Brandenburg

Kjörís

*Sendum Hvergerðingum sem og öðrum lesendum  
hugheilar jóla- og nýjárskveðjur.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*



**Blómaborg**  
Breiðumörk 12  
Sími 483 4225

**Trésmiðja Sæmundar**  
Austurmörk 20  
Sími 893 4527

**Raftaug hf.**  
Sími 483 4233

**Sólhestar**  
Borgargerði/Ölfusi  
Sími 892 3066

**Vinnuvélar A. Michelsen**  
Austurmörk 16  
Sími 483 4166

**Byggbræður**  
Sími 898 6174



**Vélar og  
stálsmiði**  
Mánamörk 3  
Sími 483 1200

**Opus**  
Breiðumörk 2  
Sími 483 4833

**Tannlæknastofan**  
Breiðumörk 18  
Sími 483 4930

**Mikki smiður**  
Hveragerði  
Sími 861 9330

**Skjólklettur ehf.**  
Sími 899 6861 (Björn)  
Sími 892 8661 (Kjartan)



**Stoðverk**  
Porsteinn Hansen  
Sími 660 8732

**Kristinn G Kristjánsson**  
Fagvís  
Breiðumörk 13  
Sími 483 5900

# HOFLAND-SETRID

BREIÐUMÖRK 2B - HVERAGERÐI

## PIZZA SMÁRÉTTIR BAR

**Sími-483 4467**

Óskum  
Hvergerðingum, nærsveitum og  
viðskiptavinum okkar,  
Gleðilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.

Gæði-Þjónusta-Lipurð-Stöðugleiki.

**www.hoflandsetrid.is**



Opnunartími um jól og áramót:

Aðfangadagur **Lokað**  
Jóladagur **Lokað**  
Annar dagur jóla **Opnið 11-22**

**ATH!!!** Hádegis hlaðborð fellur niður  
milli jóla og nýárs

Gamlársdagur **Lokað**  
Nýársdagur **Lokað**

Munið okkar vinsælu  
gjafabréf til jólagjafa.

Minum á  
**heimsendingar og sótt**  
tilboðin okkar